

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2004

Efni: Umsögn og athugasemdir við frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 594. mál, ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.

Æðarræktarfélag Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 594. mál, ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.

Æðarræktarfélag Íslands mótmælir fram komnu frumvarpi og telur það óásættanlegt. Lagt er til að því verði vísað frá.

Fari hins vegar svo að frumvarpið verði tekið til frekari umfjöllunar á Alþingi þá óskar Æðarræktarfélag Íslands eftir því við Umhverfisstofn Alþingis að hún taki til greina meðfylgjandi athugasemdir sem félagið hefur gert við frumvarpið. Athugasemdir þessar varða fyrst og fremst þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að aukinni vernd friðaðra fuglategunda, þ.e. ákvæða frumvarpsins um sértæka friðun.

Í upphafi skal það tekið fram að Æðarræktarfélag Íslands er ekki mótfallið friðun arnarstofnsins. Félagið telur aftur á móti að gæta verði meðalhófs í ráðstöfunum til friðunar arnarins, þ.e. að réttmætt tillit verði annars vegar tekið til hagsmuna æðarbænda af nýtingu æðarvarps og hins vegar til nauðsynjar á að vernda arnarstofninn. Ráðstafanir til friðunar arnarins samkvæmt lögum munu ekki ná tilgangi sínum nema að tekið sé tillit til hagsmuna landeigenda og með samvinnu og samráði stjórnvalda og landeigenda á þeim svæðum þar sem arnarvarp er. Vart þarf að minna á að æðarrækt og önnur hlunnindi njóta verndar í íslenskum lögum þar sem fjallað er um friðhelgi eignarréttarins og atvinnufrelsi. Einnig skal minnt á að arnarstofninn hefur verið í vexti undanfarin ár og er það m.a. æðarbændum og öðrum landeigendum að þakka.

Æðarfuglinn skipar sérstakan sess í íslenskri náttúru eins og kemur fram í friðun hans í lögum nr. 64/1994. Æðarbændur hafa því fullan skilning á friðunarsjónarmiðum og telja að í nytjum þeirra á fuglinum sé verið að hlúa að og efla stofn æðarfugls um leið og nytjar hans færi landeigendum og þjóðarþúinu tekjur, enda hafa stjórnvöld stutt við starf æðarbænda.

Samráð við landeigendur og hagsmunaaðila, að því er tekur til friðunar, er því grundvallarsjónarmið.

Ýmsir ágallar eru á núgildandi lögum bæði er varða takmarkanir á stjórnarskrárvörðum eignarrétti landeigenda og ekki síst hvað varðar lagatæknilega þætti. Því er erfitt að gera athugasemdir og breytingartillögur við lög sem þegar eru gölluð. Frumvarpinu er m.a. ætlað að taka á einum slíkum ágalla sem er skýrleiki refsheimilda. Æðarræktarfélagið telur að ákvæði frumvarps til breytinga á lögnum snúist upp í andhverfu þess tilgangs sem ná á fram.

Eins og fram hefur komið er það álit Æðarræktarfélags Íslands að gæta verði meðalhófs vegna sértækrar friðunar með tilliti til hagsmuna æðarbænda. Í því sambandi leggur félagið áherslu á eftirfarandi atriði.

- a. Á þeim svæðum þar sem örn verpir nálægt æðarvarpi verði æðarbændum tryggðar bætur, t.d. á árlegum grundvelli miðað við áætlað tjón.
- b. Æðarbændum verði að öðru leyti tryggðar bætur vegna tjóns vegna friðunar arnarstofnsins.
- c. Æðarbændum verði tryggðar upplýsingar um búsvæði arna.
- d. Æðarbændum verði heimilt að stugga við örunum sem sækja að varpstöðvum æðarfugls..


Þegar setja á í lög sértækar friðunarráðstafanir vegna arna, verður jafnframt að taka tillit til hagsmuna annarra þátta eins og æðarfugls og æðarræktar til þess að friðunarráðstafanir ná tilætluðum árangri.

Að gefnu tilefni þá minnum við á að sk. eftirlitsflug með arnarvarpi að vori hefur verið framkvæmt þannig að æðarbændur telja það skaða æðarvarp.

Gerð er grein fyrir tillögum að breytingum á frumvarpinu í meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,

f.h. Æðarræktarfélags Íslands


Jónas Helgason,
formaður

Æðarræktarfélag Íslands

Tillögur til breytinga á;

“Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, lagt fram á 130. löggjafarþingi 2003 – 2004. Þskj. 893 – 594. mál.”

Það sem er skráð innan sviga (--) falli út úr frumvarpinu.
Feitletraður texti með skáletri eru nýjar tillögur ÆÍ.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.
(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað orðskýringarinnar „Lífsvæði“ í 1. gr. laganna kemur svohljóðandi orðskýring:

Búsvæði: Þeir staðir eða svæði þar sem villt dýr geta þrífist. (svæði sem villt dýr nota sér til framfærslu og viðkomu, svo sem varplönd og fæðusvæði, eða sem farleið.)

2. gr.

Við 3. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í þeim tilvikum sem ákveðið er að aflétta friðun skal Umhverfisstofnun gera tillögur til umhverfissráðherra um stjórn og framkvæmd veiða á stofnum villtra fugla og spendýra, sbr. 7. gr., að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra, metur ástand þeirra og gerir í framhaldi tillögur til umhverfissráðherra um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

4. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulags- og byggingarlög.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þar skal m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfríðaðar, hverjar er heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð og notkun vopna og annarra veiðitækja, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir.

b. Við 7. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Umhverfissráðherra er heimilt að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að aflétta tímabundið og á ákveðnum svæðum friðun á stofnum

eða tegundum villtra dýra, sem flust hafa til Íslands af mannavöldum, til að halda stofnum niðri.

Valdi tegund sem flust hefur til landsins af mannavöldum, eða eftir öðrum leiðum, stórfelldu tjóni eða ógni tegundum sem hér hafa alltaf verið, þá skulu stjórnvöld grípa til fyrirbyggjandi aðgerða gagnvart viðkomandi tegund.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Eitur eða svefnlyf, nema til músa- og rottuveiða.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun getur veitt tímabundna undanþágu til að nota þær veiðiaðferðir sem taldar eru upp í 1. mgr. í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni eða umtalsverðum ama og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

7. gr.

1. másl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum, músum og minkum, skulu afla sér veiðikorts gegn gjaldi, sbr. 3. mgr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. másl. 4. mgr. orðast svo: Umhverfisstofnun annast sölu veiðileyfa og eftirlit með hreindýraveiðum.

b. 1. másl. 6. mgr. fellur brott.

c. 7. mgr. fellur brott.

d. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Enginn má stunda hreindýraveiðar nema hann hafi til þess veiðileyfi og sé í fylgd með leiðsögumanni. Enginn getur tekið að sér leiðsögn með hreindýraveiðum nema hann hafi til þess leyfi Umhverfisstofnunar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um réttindi og skyldur leiðsögumanna með hreindýraveiðum að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar nánari reglur um framkvæmdina, m.a. um skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

9. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðisnefndir hafa umsjón með fækkun á músum og rottum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

10. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, Sértek friðun, með tveimur nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (18. gr.)

Ráðherra er heimilt með reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, ***landeigendur eða umráðamenn lands***, (eftir því sem við á) og að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, að kveða á um aukna vernd ákveðinna friðaðra stofna villtra fugla og spendýra ef brýn ástæða er til. (Í reglugerðinni er heimilt að kveða á um að strangari reglur gildi um búsvæði þessara tegunda ef sýnt þykir að þeim stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða séu sérstaklega viðkvæm fyrir raski.)

Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæðum þessa kafla, svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.

b. (19. gr.)

Ernir.

Óheimilt er frá 15. mars til 15. **maí** (ágúst) að koma nær arnarhreiðrum en **200 (500)m og á tímabilinu 16. maí til 15. júlí er óheimilt að koma nær arnarhreiðrum en 100 m** nema brýn nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja **og lögmætrar atvinnustarfsemi og nauðsynlegrar umferðar**, sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrastu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir (bæði) þar sem ernir eru að búa sig undir varp (og við þau) **í hefðbundin** hreiður sem orpið hefur verið í **áður og/eða** eru með eggjum eða ungum.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. mgr. í sérstökum tilvikum að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna (og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans.) (Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á svo vitað sé.)

Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrá yfir hreiðurstæði arna og láta Umhverfisstofnun í té. Fara skal með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur um meðferð upplýsinga úr skránni. **Þó skal skylt að láta viðkomandi landeigendur eða umráðamenn lands, þar sem arnarhreiður eru, í té upplýsingar um hreiðurstæð arna.**

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 3. mgr. að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ef miklar líkur eru á að foru hreiðurstæði verði ekki nýtt aftur vegna breyttra aðstæðna, t.d. nálægðar við umferðarmannvirki.

Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.

c. (20. gr.)

Heimikt er, að stugga við örnum sem halda til eða sjást í friðlýstum æðarvörpum, svo fremi sem fuglunum sjálfum, hreiðrum þeirra, eggjum og ungum er ekki hættu búin. Þó er óheimilt að stugga við hreiðurörnum innan tveggja km frá arnarvarpstað.

Heimil er að nota reyk, útvarp, hræður og fælur til þess að stugga við örnum.

d. (21. gr.)

Sé friðlýst æðarvarp á búsvæðum arna skulu bændum tryggðar bætur fyrir áætlað tjón sem af því stafar, t.d. með árlegum greiðslum. Tjón sem ernir valda í öðrum tilvikum í friðlýstu æðarvarpi skal ríkissjóður bæta.

e. (22. gr.)

Á þeim svæðum þar sem ernir hindra æðarvarp og aðra nýtingu lands eða hlunninda, þá skal skylt að greiða landeiganda árlegar bætur vegna takmarkana á atvinnurétti þeirra.

11. gr. óbr.

Um frumvarpið og breytingartillögur AEÍ.

Inngangur

Sambýli æðarfugls og arna er gamalþekkt umfjöllunarefni og oft hefur verið deilt um leiðir til þess að tryggja viðgang arnarstofnsins, án þess að það bitnaði um of á æðarfugli og æðarrækt. En báðar þessar tegundir eru alfríðaðar í lögum.

Æðarræktin er mikilvæg búgrein víða um land, ekki hvað síst á Vesturland þar sem arnarvarp er jafnframt hvað öflugast. Minna má á að örnum fjölgar jafnt og þétt og þrátt fyrir tjón af þeirra völdum í æðarvarpi þá vilja allir friða örninn. Fullyrða má að án velvildar bænda í hans garð þá hefði stofninn ekki vaxið eins og talningar sýna. Því er fráleitt að ræða aðgerðir erninum til aukinnar verndar, án þess að hagsmunir æðarbænda komi þar við sögu.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar barst Æðarræktarfélagi Íslands aldrei til beinnar umsagnar, heldur frétti félagið af málinu um það bil sem mælt var fyrir því á Alþingi.

Bændasamtök Íslands fengu frumvarpið til umsagnar föstudaginn 16. janúar kl. 16:00 og var óskað eftir umsögn eigi síðar en mánudaginn 19. janúar. (Sjá athugasemdir BÍ)

Þegar um svo mikilvægt mál er að ræða, sem snertir hagsmuni bænda og annarra landeigenda á stórum svæðum, þá er það lágmarkskrafa að þeir sem hlut eiga að máli séu hafðir með í ráðum við vinnslu þess og geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri strax í upphafi máls.

Vinnsla þessa máls er því ekki með ásættanlegum hætt, sérstaklega í ljósi þess að umhverfisráðherra lofaði fulltrúum AEÍ því á fundi í maí sl., þegar lágflug vegna arnareftirlits yfir æðarvarpsstöðvum á Breiðafirði var kært, að leyfa æðarbændum að fylgjast með allri framvindu mála og aðgerðum varðandi sambúð arnar og æðarvarps.

Sú spurning er því eðlileg, hvers vegna eru samtök æðarbænda sniðgengin í máli þessu.?

Við viljum eigi að síður koma á framfæri nokkrum lágmarks athugasemdum við frumvarpið, því það er óásættanlegt í núverandi mynd. Þær breytingartillögur sem AEÍ leggur til hafa verið felldar inn í texta frumvarpsins eins og fram kemur hér að framan.

Um breytingar okkar viljum við segja þetta;

Um 1. gr.

Búsvæði: Þetta er fyrst og fremst skilgreining og fráleitt að fella undir hana nánast allt landið og miðin eins og gert er í frumvarpinu. Við leggjum til að notuð verði skilgreining sem er sambærileg skilgreiningu á sama hugtaki í náttúruverndarlögum.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að kveða á um skyldur stjórnvalda gagnvar óæskilegum tegundum sem kunna að berast til landsins og ógnað geta tegundum sem hér eru og hafa alltaf verið. Þar má minna á alþjóðlegar skuldbindingar (þ.a.m. Íslendinga) um varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og útrýmingu ágengra og framandi tegunda.

Um 10. gr. a. (18. gr.)

Þarna bætum við inn að samráð skuli jafnframt haft við landeigendur og umráðamenn lands. Það jafnast á við eignaupptöku að leggja til að NÍ og sveitarfélög geti ráðskast með hlunnindi og gæði jarða án eðlilegs samráðs. Við minnum á 2. mgr. laga nr. 64/1994 en þar segir: "Landeigendum einum eru heimilar dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir."

Jafnframt minnum við á að taka verður tillit til atvinnuréttar manna á löndum sínum.

Síðari hluti 1. mgr. a. (18. gr.) Þ.e. setningin "Í reglugerðinni er heimilt ..." Hana ber að fella út. Þetta er eins og óútfylltur víxill sem stjórnvöld eiga alls ekki að fá heimild til þess að ráðskast með. 1. mgr. ein og sér nægir alveg að teknu tilliti til okkar breytinga.

Um 10. gr. b. (19. gr.) Ernir.

Í frumvarpinu er tillaga um mjög langan tíma þar sem ekki má koma í nágrenni arnarhreiðra, slíkt er óþarfi og takmarkar eðlilega atvinnustarfsemi. Við leggjum til eðlilega

breytingu þar á. Arnarvarpi er fyrst og fremst hættu búin á meðan egg eru í hreiðri, þá mega foreldrarnir ekki yfirgefa hreiðrið nema stutta stund og alls ekki í hrakviðrum. Þegar ungar eru skriðnir úr eggjum þá þola þeir vel að foreldrarnir hverfi frá nokkra stund. Þá gildir það sama um erni eins og aðra fugla að ef um reglubundna umferð er að ræða og ef hún skapar ekki sérstakt áreysi þá venst fuglinn henni fljótt og hún virðist veita honum öryggi. Mörg dæmi eru þess að ernir á hreiðri, sem búa við reglubundna umferð í næsta nágrenni, skili betri varpárangri heldur en aðrir ernir.

Í fyrstu setningunni er einungis talað um "lögmætar nytjar" án skýringa. Þar vantar að kveða á um hvers konar lögmæta og nauðsynlega umferð og atvinnustarfsemi sem stunduð er eða kann að verða fýsileg í framtíðinni þótt slíkt sé ekki sjáanlegt nú. Fráleitt er að setja óskilgreindar takmarkanir á nýtingu lands. Auk þess eru í 1. mgr. minniháttar lagfæringar, en nauðsynlegar eigi að síður.

Í 3. mgr. er talað um svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis arnarhreiður. Ekki er fullljóst hvað orðið "hringmál" merkir, en Íslensk málsstöð kannast ekki við það hugtak. Ef hugtakið merkir geisli (radius) út frá hreiðri, þá er hér um að ræða rúmlega 3ja hektara svæði. Er virkilega verið að leggja til að landeigandi afsali sér, bótaglaust, um 3ja hektara svæði umhverfis hvert hreiður, slíkt gengur ekki. Lagt er til að þetta ákvæði verði fellt út. Síðari hluti setningarinnar er óþarfur, nægjanlegt er að fyrri hluti setningarinnar kveði á um að ekki megi hrófla við arnarhreiðrum. Síðasta setningin gengur meira að segja svo langt að friða svæði þar sem gamlar sögusagnir telja að einhvern tíma hafi verið arnarhreiður. Þetta er óskilgreint og fráleitt.

Í 4. mgr. er kveðið á um að skráning hreiðurstæða skuli vera trúnaðarmál. Slíkt gengur ekki. Nauðsynlegt er að upplýsa landeigendur um þá staði þar sem NÍ telur að um hreiður sé að ræða, annað býður upp á misskilning og deilur.

Um 10. gr. c. (20.gr.) Nýtt ákvæði.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að jæra ákvæði, sem áður voru í reglugerð inn í lögin, þá er nauðsynlegt að gæta samræmis og færa einnig inn í lögin þau ákvæði þar sem kveðið var á um rétt landeigenda til þess að stugga við örnunum. Því er lagt til að fyrri ákvæði úr reglugerð komi þarna inn lítið breytt.

Um 10. gr. d. (21. gr.) Nýtt ákvæði.

Bændur og landeigendur hafa hingað til mátt þola tjón af völdum arna bótaglaust. Í öðrum löndum tíðkast það að bæta tjón sem friðaðir fuglar eða dýr valda á atvinnutekjum einstaklinga. Sjálfsagt og eðlilegt er að taka slíkt upp hér, það mundi tryggja enn betur vernd arnarins. Örninn velur sér sína kjörstaði til varps. Á að láta þá einstaklinga bera það bótaglaust að eiga kjörlendi fyrir erni á meðan aðrir losna við þessa kvöð vegna landfræðilegra aðstæðna.

Um 10. gr. e. (21. gr.) Nýtt ákvæði.

Þekkt er að ernir velja sé sérstök svæði til varps. Þannig háttar sums staðar til að örn helgar sér allt varpland æðarfugls (eða stóran hluta þess) á viðkomandi jörð. Vegna landslags og varpskilyrða er arnarvarp ekki á öðrum jörðum. Þar sem örn verpir hefur viðkomandi bóndi, umfram aðra, lagt erninum til varpsvæði, sem réttmætt verður að telja að taka tillit til, þegar landslög banna arnarbóndanum að vísa erninum frá, enda er þá sá sem býr við örninn farinn að bera kostnað af arnarvarpinu. Á þessum atriðum þarf að taka í lögum. Mörg dæmi er um að einmitt þetta hafi gerst. Lög sem takmarka atvinnufrelsi manna þurfa jafnframt að kveða á um bætur.

23. mars 2004

Jónas Helgason, formaður ÆÍ